

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Áfram – hvatningarsjóð afkomenda Sigurjóns Brink.

#### 1. gr.

##### *Stofnendur.*

Til minningar um Sigurjón Brink, sem andaðist þann 17. janúar 2011, hafa eftirtaldir einstaklingar stofnað Áfram - hvatningarsjóð afkomenda Sigurjóns Brink:

Róbert Aron Róbertsson, kt. 251278-4909, Chemin de Fenix 113, 1095 Lutry, Sviss.

Örn V. Kjartansson, kt. 060766-5769, Laugarásvegi 69, Reykjavík.

#### 2. gr.

##### *Framlag stofnenda.*

Stofnfé er 1.000.000 kr. sem lagt er fram af stofnendum. Stofnfé er óskerðanlegt.

#### 3. gr.

##### *Heimili.*

Heimilisfang og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

#### 4. gr.

##### *Ábyrgð.*

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hann er óháður öllum öðrum lögaðilum og einstaklingum.

#### 5. gr.

##### *Tilgangur og starfsemi.*

Þann 17. janúar 2011 féll Sigurjón Brink frá á sviplegan hátt. Tilgangur sjóðsins er að hvetja og styðja afkomendur hans í því sem þau kunna að taka sér fyrir hendur í framtíðinni. Skal fjármunum sjóðsins ráðstafað í þeim tilgangi, eftir því sem stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um.

Sigurjón heitinn skildi eftir sig fjögur börn. Skal stjórn sjóðsins ráðstafa fjármunum sjóðsins jafnt til hvers ættleggjar.

#### 6. gr.

##### *Skipulag stjórnar.*

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm einstaklingum. Stjórnina skipa þau Róbert Aron Róbertsson, kt. 251278-4909, Chemin de Fenix 113, 1095 Lutry, Sviss, Örn V. Kjartansson, kt. 060766-5769, Laugarásvegi 69, Reykjavík, Þórunn Erna Clausen, kt. 120975-5609, Tjaldanesi 11, Garðabæ, Lúðvík Örn Steinarsson, kt. 080768-4359, Holtási 10, Garðabæ og Þórður Ágústsson, kt. 070975-5219, Lómasölum 15, Kópavogi.

Stjórnarmenn sitja ótímabundið í stjórninni en segi þeir sig úr stjórn skulu þeir tilnefna nýjan mann í sinn stað. Hverfi einstaklingur úr stjórn án þess að tilnefna annan í sinn stað skulu þeir sem eftir sitja tilnefna nýjan stjórnarmann.

Við sjóðinn skal starfa fjárvörsluaðili sem stjórn sjóðsins tilnefnir. Skal hann sinna því starfi ótímabundið en stjórn sjóðsins getur ákveðið að leysa hann frá störfum og tilnefna annan einstakling til starfans.

Stjórnarmenn og fjárvörsluaðili fá hvorki greidd laun né þóknun í neinu formi fyrir störf sín.

#### 7. gr.

##### *Starfssvið stjórnar.*

Stjórnin skal framfylgja meginmarkmiðum stofnskrár þessarar og einstökum ákvæðum hennar. Hún skal taka allar meiriháttar ákvarðanir á vegum sjóðsins. Stjórnin ákveður m.a. stefnu sjóðsins almennt og í einstökum málefnum, sér um bókhald, gerir rekstraráætlanir og ákveður hvernig fjármunir sjóðsins skuli ávaxtaðir.

Stjórnin er að öllu leyti óháð boðvaldi stofnenda eða annarra aðila.

8. gr.

*Stjórnarfundir.*

Boða skal til stjórnarfunda með tryggilegum hætti.

Ákvarðanir stjórnar eru teknar með meirihluta atkvæða. Enga mikilvæga ákvörðun má taka fyrir hönd sjóðsins nema stjórnin sé fullskipuð.

Aðalatriði þess sem fram fer á stjórnarfundum skal færa til bókar.

9. gr.

*Starfssvið fjárvörsluaðila.*

Fjárvörsluaðili skal hafa umsjón með fjárvörslu sjóðsins og sjá til þess að fjármunir sjóðsins séu tryggilega varðveittir. Fjárvörsluaðili skal veita viðtöku fjárframlögum sem sjóðnum berast. Skal hann sjá til þess að fjármunir sjóðsins séu stjórn til ráðstöfunar þegar hún óskar þess. Skal fjárvörsluaðili veita stjórn sjóðsins reglulega upplýsingar og gögn um þá fjármuni sem sjóðnum hafa áskotnast. Hann skal þó ekki veita upplýsingar um hverjir lagt hafa sjóðnum til fé.

10. gr.

*Fjáröflun.*

Sjóðurinn veitir viðtöku styrkjum og öðrum fjárframlögum. Honum er óheimilt að taka lán.

11. gr.

*Ráðstöfun eigna.*

Stjórnin má eingöngu ráðstafa tekjum og eignum sjóðsins í samræmi við megintilgang sjóðsins, sbr. 5. gr.

12. gr.

*Breyting á skipulagsskrá.*

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari með samþykki allra stjórnarmanna.

13. gr.

*Slit sjóðsins.*

Sjóðnum verður slitið með samþykki allra stjórnarmanna. Eignum hans skal þá ráðstafað í samræmi við tilgang hans.

14. gr.

*Reikningar.*

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið og fyrsta reikningstímabilið skal vera tímabilið frá stofnun sjóðsins til 31. desember 2011.

Stjórn sjóðsins skal ganga frá reikningum hans fyrir 1. júní ár hvert og skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

Endurskoðandi sjóðsins skal kosinn á aðalfundi sjóðsins ár hvert. Matthías Óskarsson, löggiltur endurskoðandi, skal vera endurskoðandi sjóðsins fyrsta starfsár hans.

15. gr.

*Skipulag.*

Áfram – hvatningarsjóður afkomenda Sigurjóns Brink er sjálfseignarstofnun samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Um reikningshald sjóðsins fer eftir þeim lögum.

16. gr.

*Staðfesting.*

Leita skal eftir staðfestingu sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 21. febrúar 2011.*

**Ríkarður Másson.**

Björn Ingi Óskarsson.

—————  
B-deild – Útgáfud.: 9. mars 2011